

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 2001

25. september 2001

2047

Nr. 713

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga,
nr. 44/1999 með síðari breytingum.**

1. gr.

Við fyrstu málsgrein 11. greinar reglugerðar nr. 44/1999 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga bætist setning svohljóðandi:

Við útreikning á hámarkstekjum sveitarfélaga skal einnig taka tillit til þeirra jöfnunarframlaga sem sveitarfélög fá vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, sbr. reglugerð nr. 80/2001.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. september 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

27. september 2001

Nr. 714

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.